



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

ÚRSKURÐUR

28. apríl 2025

Mál nr. E-1045/2022:
Stefnandi: A
(Þormóður Skorri Steingrímsson lögmaður)

Stefndi: B
(ólöglærður fyrirvarsmaður)

og gagnsök

Dómari: Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, mánudaginn 28. apríl 2025, í máli nr. E-1045/2022:

A

(Þormóður Skorri Steingrímsson lögmaður)

gegn

B

(Ólöglærður fyrirsvarsmaður)

og gagnsök

Þetta mál, sem var tekið til dóms 1. apríl 2025, höfðar fyrirtækið A., kt. [...], [...], Selfossi, með stefnu birtri 16. febrúar 2022, á hendur B, kt. [...], [...], Reykjavík.

Stefndi höfðaði mál til sjálfstæðs dóms til endurgreiðslu ofgreidds fjár með með gagnstefnu, birtri 22. janúar 2025. Með heimild í a-lið 1. mgr. 30. gr. laga nr. 91/1991, og þar eð sammæli var um það með lögmanni stefnanda, fyrirsvarsmanni stefnda og dómara, var það mál, gagnsök, sameinað máli um aðalsök.

Í aðalsök krefst aðalstefnandi þess að aðalstefndi verði dæmdur til þess að greiða honum skuld að fjárhæð 3.917.720 krónur með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 6. júlí 2021 til greiðsludags.

Aðalstefnandi krefst málskostnaðar að skaðlausu úr hendi aðalstefnda auk álags er nemi vsk. á málflutningsþóknun.

Aðalstefndi krefst sýknu af öllum kröfum aðalstefnanda.

Hann krefst jafnframt málskostnaðar úr hendi aðalstefnanda.

Í gagnsök krefst gagnstefnandi þess að gagnstefnda verði gert að greiða gagnstefnanda 1.049.700 kr. með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 11. júní 2011 til greiðsludags.

Gagnstefnandi krefst málskostnaðar úr hendi gagnstefnda.

Gagnstefndi krefst þess aðallega að kröfum gagnstefnanda verði vísað frá dómi.

Hann krefst til vara sýknu af dómkröfum stefnanda.

Til þrautavara krefst hann þess að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega.

Í öllum tilvikum krefst gagnstefndi málskostnaðar úr hendi gagnstefnanda.

Málsatvik

Aðalstefnandi, A., er jarðvinnuverktaki en gagnstefnandi, B., er félag sem flytur m.a. inn ýmis byggingarefni en var í þetta sinn að reisa sumarhús. Aðalstefnandi vann jarðvegsvinnu fyrir gagnstefnanda þessara framkvæmda. Málsaðila greinir á um hvaða hvaða verk var unnið og hvað bar að greiða fyrir það. Vegna vinnu, efnis og tækjanotkunar gaf aðalstefnandi gagnstefnanda út þrjá reikninga:

Nr.	Útgáfudagur	Gjaldldagi	Fjárhæð
1106	12.04.2021	12.04.2021	2.350.000
1124	01.06.2021	01.06.2021	1.199.700
1130	06.07.2021	06.07.2021	3.917.720

Gagnstefnandi greiddi tvo þá fyrstu en hefur ætíð hafnað að greiða þann þriðja. Það er ágreiningsefni í aðalsök hvort gagnstefnanda beri að greiða aðalstefnanda þennan þriðja reikning. Í gagnsök krefst gagnstefnandi endurgreiðslu hluta reiknings sem aðalstefnandi gaf út 1. júní 2021 og gagnstefnandi greiddi 11. júní sama ár.

Samkvæmt framlögðum gögnum sótti gagnstefnandi fyrir sex árum, 1. febrúar 2019, um leyfi til þess að byggja sumarhús á lóð að [...] í [...]. Uppdrættir að burðarvirki og sökklum hússins eru dagsettir í júní 2020 og aðaluppdrættir þess í júlí sama ár. Húsið er 117 m² að flatarmáli og stendur hluti þess á kjallara sem er 27 m² að flatarmáli. Í janúar 2021 gerði byggingarverkfræðingur, sem undirbjó framkvæmdina fyrir gagnstefnanda, sundurliðaða áætlun um rúmmál þess jarðvegs sem þurfti að skipta um undir húsinu, sem og efni sem þurfti til að fylla meðfram kjallara og húsinu, í lagnaskurð og bíla- og gámastæði. Áætlun hans sundurliðaðist svo:

	Rúmmetrar efnis
Jarðvegsskipti undir jarðhæð hússins	213
Fyllingarefni í sökklum undir jarðhæð hússins	34
Fyllingarefni í sökklum undir kjallara	17
Fyllingarefni meðfram kjallara	56
Fyllingarefni á gámastæði	98
Fyllingarefni í lagnaskurð og við rotþró	25
Fyllingarefni á bílastæði	75
Fyllingarefni að sökklum meðfram húsinu	44
Efni alls (jarðvegsskipti 213 + fyllingarefni 349)	562

Við aðalmeðferð kvaðst fyrirsvarsmaður gagnstefnanda hafa leitað að jarðverktaka á svæðinu og hafi sú leit leitt hana að eiganda námu í nágrenninu. Óumdeilt er að hann benti henni á fyrirsvarsmann aðalstefnanda, sem þá hafði þessa efnisnámu á leigu.

Húsið kom á staðinn í einingum sem voru settar saman þar. Eina steypuvinnan á staðnum fólst því í gerð sökkulveggja kjallara sem er undir hluta hússins, botnplötu kjallara, sem og kjallaraveggja og botnplötu alls hússins.

Í stefnu í aðalsök og greinargerð í gagnsök lýsir aðalstefnandi því að verkefni hans fyrir gagnstefnanda hafi meðal annars falist í því að grafa upp jarðveg og skipta um jarðveg undir sumarhúsinu sem og að skipta um jarðveg undir gámaplani, auk þess að jafna jarðveg og þjappa annars vegar þar sem átti að steypa gólfplötu og hins vegar á plani fyrir gáma. Þá hafi þurft að fylla í sökkla og að sökklum, grafa og fleyga fyrir rotþró auk ýmiss konar viðvika og frágangs.

Um verkið hafi ekki verið gerður sérstakur verksamningur. Framvinda verksins sýni að í fyrstu hafi verið gert samkomulag um jarðvegsskipti undir sumarhúsinu og samið um sérstakt rúmmetragjald, 5.000 kr. að vsk. meðtöldum. Þessi vinna hafi verið innt af hendi í apríl 2021 og gagnstefnandi verið gerður reikningur nr. 1106, dags. 12. apríl 2021, sem hann hafi greitt án athugasemda.

Eftir þessa vinnu hafi gagnstefnandi óskað eftir því að aðalstefnandi ynni ýmsa aðra vinnu á lóðinni, svo sem að grafa fyrir og skipta um jarðveg undir gámum sem átti að setja niður á lóðinni, jafna og þjappa jarðveg undir kjallara hússins og plötu.

Í greinargerð í gagnsök er tekið fram að engar teikningar hafi þá verið til af kjallaranum og hafi verkið því verið tímafrekt. Illa hafi gengið að fá samþykktar teikningar fyrir kjallara og hafi það virst vera vandamál tengt gagnstefnanda.

Þá hafi þurft að fylla í sökkla, grafa og fleyga fyrir rotþró og leggja lagnir að rotþró. Aðalstefnandi hafi gert gagnstefnanda grein fyrir því að rúmmetragjald í jarðvegsskiptum myndi hækka lítillega og verða um 5.000 kr. auk vsk. á hvern rúmmetra og að önnur vinna yrði unnin í tímavinnu. Gagnstefnandi hafi ekki mótmælt því og hafi gagnstefndi haldið verki sínu áfram í góðri trú.

Í byrjun júní hafi aðalstefnandi gefið út reikning nr. 1124 að fjárhæð 1.199.700 kr. sem hafi verið fyrir jarðvegsskipti undir gáma, jöfnun og þjöppun jarðvegs í kjallara hússins og að fylla sökkla þess að hluta. Gagnstefnandi hafi greitt þennan reikning án athugasemda.

Þá þegar hafi gagnstefnandi beðið aðalstefnanda um að vinna frekari vinnu, svo sem að koma fyrir rotþró. Vegna þess hafi þurft að grafa og fleyga töluvert mikið þar sem koma þurfti lögnum frá rotþró að húsi og hafi aðalstefnandi lagt þær. Þá hafi hann lokið við að fylla í sökkla, slétta og þjappa fyrir gáma á plani, slétta og þjappa undir gólfplötu, auk þess að aðstoða við að járnabinda og steypa sökkla hússins.

Vegna mikilla rigninga og bleytu hafi aðstæður á verkstað verið slíkar að erfitt hafi verið að sinna þessari vinnu. Af sömu sökum hafi verið erfitt að koma vélum og tækjum um verkstaðinn. Komið hafi í ljós mikil klöpp á því svæði þar sem þurfti að

leggja lögn sem tengdi rotþróna við sumarhúsið og hafi verið notuð 20 tonna grafa til að fleyga klöppina. Aðalstefnandi hafi gefið gagnstefnanda út reikning vegna þessarar vinnu 6. júlí 2021 nr. 1130 að fjárhæð 3.917.720 kr.

Fyrir dómi lýsti fyrirsvarsmaður aðalstefnanda því að þriðji maður, eigandi malarnámu, hefði leitt fyrirvarsmenn málsaðila saman. Á þeim fundi hafi hann gefið upp 5.000 kr. fyrir hvern fermetra efnis en það verði hafi eingöngu gilt fyrir undirstöðu undir sumarbústað. Hann hafi tekið skýrt fram að fyrir öll önnur verk en púðann undir húsið sjálft tæki hann úmagjald enda hafi honum aldrei borist neinar forsendur sem hann gæti reiknað heildarverð verksins eftir.

Hann bar að verkið hefði verið erfitt vegna aurbleytu og hefði hann fyrst þurft að aka talsverðu af efni í burtu til þess að komast að vinnustaðnum. Teikningar að kjallara hafi vantað og vegna þeirra tafa hafi hann farið og keyrt efni í gámaplan. Þegar teikningarnar að kjallaranum hafi borist hafi hann grafið fyrir honum, fleygað grunn og jafnað botn undir kjallara, fyllt í kjallarasökkul, jafnað og þjappað og tekið rétt undir steypu. Hann hafi leitað til C sem hafi komið með efni á staðinn því hann hefði átt vörubíl með krana og getað mokað efninu beint ofan í grunninn. Fyrirsvarsmaður aðalstefnanda hefði talið þetta spara vinnu í stað þess að fara að moka frá til að koma að eigin vél enda hafi verið orðið þröngt á svæðinu.

Það er óumdeilt að gagnstefnandi greiddi reikning sem C gaf út 1. júní 2021 fyrir efni, 10 m³ af grús og 12 m³ af sandi, sem fór undir gólfplötu kjallarans.

Að sögn fyrirvarsmanns aðalstefnanda var það fyrst þegar fylla átti að kjallaraveggjum sem í ljós kom að efnið sem nota átti skyldi vera í grófleika 0–60 mm. Þegar þarna var komið hafi allt verið orðið fullt af efni í kring þ.a. hann hafi ekki getað komið með efnið í stærð 0–60 mm á vörubíl nema aka fyrst öllu hinu efninu í burtu. Það hafi verið allt of dýrt að vinna verkið þannig. Hann hafi því farið í efnisnámuna og náð í vél með brotskóflu. Hann hafi brotið efnið niður í rétta stærð á staðnum og fyllt að kjallaraveggnum með brotnu efni.

Að þessu búnu hafi verið farið í frárennslið. Þá hafi komið í ljós mikil klöpp og mjög hörð. Hann hafi byrjað að brjóta hana með 4 tonna vél sem hafi ekki ráðið við verkið og hann þá náð í 22 tonna vél með öflugum fleyg. Það hafi verið ákaflega tafsamt að brjóta rauf fyrir lagnir út í rotþró. Einnig hafi þurft að brjóta fyrir rotþrónni. Hann hafi síðan kallað til löggiltan pípulagningamann til að leggja rörið.

Þessu til viðbótar hafi verið vinna við gámaplanið og vinna í kringum uppúrgröftinn úr rýminu fyrir sumarbústaðinn. Einhvers staðar hafi þurft að farga honum og það hafi verið gert eins snyrtilega og kostur var og hafi fyrirsvarsmaður aðalstefnanda lagt mold utan á gámaplanið til þess að það liti betur út.

Fyrirsvarsmaður aðalstefnanda taldi sig hafa hafið störf á lóðinni um miðjan mars. Meðal gagna málsins er tölvuskeyti sem byggingarverkfræðingur gagnstefnanda sendi aðalstefnanda 19. mars 2021 með teikningum í fylgiskjali. Í þeim eru meðal annars málsetningar sökkulbotns og kjallara undir norðurhluta hússins. Fyrirsvarsmaður aðalstefnanda minntist þess ekki að þessar teikningar hefðu borist honum. Hann minntist þess ekki heldur að fyrirsvarsmaður gagnstefnanda hefði afhent honum á staðnum teikningar að húsinu og burðarvirki. Hann kvaðst hafa unnið eftir hælum sem hefði verið stungið í lóðina og snæri strengt þar á milli. Í byggingarsögu hússins kemur fram að húsið hafi verið útsett 15. mars 2021.

Aðalstefnandi gaf gagnstefnanda út fyrsta reikninginn, nr. 1106, 12. apríl 2021 fyrir 470 m³ af efni, bögglabergi, á 5.000 kr. með vsk. inniföldum, alls 2.350.000 krónur. Að sögn fyrirsvarsmanns aðalstefnanda samsvaraði þetta magn efnis því verki sem hann hafði unnið frá því í mars.

Aðalstefnandi gaf gagnstefnanda út annan reikning, nr. 1124, 1. júní 2021, sem nam samtals 1.199.700 kr. Að sögn fyrirsvarsmanns gagnstefnanda barst henni reikningurinn ekki fyrr en 20. júlí en krafa hafi birst í einkabanka 1. júní. Samkvæmt vinnuseðli með reikningnum hafði aðalstefnandi sett 156 m³ af bögglabergi í gámaplan 12. og 13. apríl. Þann dag hafði hann einnig notað Bobcat-gröfu og tvo menn í þrjár klst. til að jafna og þjappa kjallara og 12. maí höfðu tveir menn unnið hvor um sig í 5 klst. við að fylla í sökkul.

Eftir að gólfplata kjallara hafði verið steipt voru kjallaraveggir reistir og ofan á þá og púðann sem áður er nefndur var gólfplata hússins steipt. Samkvæmt byggingarsögu hússins tók byggingarfulltrúi [...] út undirstöðuveggi fyrir botnplötu 25. júní 2021.

Ljósmyndir sýna skurð sem var grafinn frá húsinu að rotþró. Samkvæmt teikningum hönnuðarins átti skurðurinn að rotþrónni að vera 39 metra langur, 0,8 metrar á breidd og 0,7 metrar að meðaldýpt. Ljósmyndir sýna klöpp í hluta skurðarins.

Aðalstefnandi gaf gagnstefnanda út þriðja reikninginn, nr. 1130, 6. júlí 2021. Vinna sem þá var krafist greiðslu fyrir var samkvæmt dagskýrslum öll unnin í júní 2021. Krafist var greiðslu fyrir 270 m³ af efni, 62 klst. fyrir vinnu manna, 23 klst. fyrir notkun á Scania BOG59-bifreið, 40 klst. fyrir notkun á Bobcat-gröfu og 50,5 klst. fyrir notkun á JCB-gröfu.

Gagnstefnandi hefur frá upphafi hafnað því að greiða þennan reikning, mót-mælti réttmæti hans um leið og hann barst og telur það hvíla á aðalstefnanda að sanna að krafa hans samkvæmt þeim reikningi sé réttmæt, t.d. með því að aðalstefnandi fái dómkvaddan matsmann.

Það mun óumdeilt að aðalstefnandi fór frá verkinu án þess að því væri lokið, í

Það minnsta miðað við það verk sem gagnstefnandi taldi málsaðila hafa samið um. Í apríl 2022 fékk gagnstefnandi verktakann D til þess að ljúka verkinu.

Fyrirsvarsmaður gagnstefnanda ritaði innheimtufyrirtæki sem gaf úr reikninga fyrir aðalstefnanda tölvuskeyti 23. júlí 2021. Í því fór hún ítarlega yfir um hvað var að hennar mati samið, þ.e.a.s. hvert einingaverð fyrir efni var, hvað var innifalið í því og hvaða verk aðalstefnandi tók að sér fyrir gagnstefnanda. Hún fór síðan lið fyrir lið yfir reikninga frá aðalstefnanda og taldi sig með því að hafa greitt reikninga nr. 1106 og 1124 hafa að fullu greitt fyrir það verk sem aðalstefnandi vann fram að því að hann fór frá verkinu og að auki eiga inneign hjá aðalstefnanda sem næmi 515.916 krónum.

Gagnstefnanda voru send innheimtubréf 13. ágúst og 2. september 2021 og mótmælti fyrirsvarsmaður hans því í sérhvert sinn að honum bæri að greiða þriðja reikninginn.

Aðalstefnandi höfðaði þetta mál, eins og áður greinir, með stefnu birtri 16. febrúar 2022. Hann hefur í stórum dráttum byggt á því að gagnstefnandi verði, til þess að sýna fram á að honum beri ekki að greiða þennan þriðja reikning, að fá dómkvaddan matsmann til þess að leggja mat á það hversu miklu efni stefnandi hafi mokað úr grunninum, hversu mikið efni hann hafi sett þar í staðinn, svo og hversu mikil vinna hafi falist í því að jafna og þjappa jarðveg undir gólfplötu kjallara og gámastæði, fylla sökkla, grafa og fleyga fyrir rotþró.

Verkfræðingurinn sem hafði undirbúið framkvæmdina fyrir gagnstefnanda lést síðla í apríl 2022. Um sama leyti, á dómþingi 28. apríl 2022, lagði gagnstefnandi fram greinargerð í málinu.

Í ágúst 2022 tók byggingarstjórinn á verkinu saman minnisblað um það hversu mikið fyllingarefni aðalstefnandi hefði útvegað í púða undir húsið, í sökkul kjallara, lagnaskurð og rotþró, bílaplan og gámastæði að frádregnu því magni sem C kom með. Byggingarstjórinn áætlaði að aðalstefnandi hefði útvegað 445,8 m³ af fyllingarefni.

Gagnstefnandi lagði þetta skjal ekki fram þegar það var unnið. Hann lagði hins vegar fram mælingar byggingarverkfræðings á því hversu mikið magn fyllingarefna hefði verið notað undir og við sumarhúsið, í gámastæði, lagnaskurð og við rotþró. Þykkt efnis á gámastæði var mjög breytileg, frá 0,4–0,8 m. Við útreikninginn var hún talin minnst 0,6 m en mest 0,8 m. Út frá þessu voru gefnar upp tvær tölur varðandi magn efna á gámasvæði. Fyrir lóðina í heild voru neðri mörk efnis talin vera 573 m³ en efri mörk 623 m³.

Tafir urðu af ýmsum sökum á meðferð málsins og meðal annars kom nýr lögmaður að málinu síðla árs 2024. Hann skoraði á gagnstefnanda að leggja fram ýmis gögn tengd byggingarsögu hússins. Með þeim lagði gagnstefnandi fram, á dómþingi 19. desember 2024, minnisblað byggingarstjórans sem hann tók saman í ágúst 2022. Í beinu framhaldi af því höfðaði gagnstefnandi mál á hendur aðalstefnanda, með stefnu

birtri 22. janúar 2025. Í því var krafist endurgreiðslu hluta þess reiknings sem aðalstefnandi gaf gagnstefnanda út 1. júní 2021. Aðalstefnandi lagði fram greinargerð sína í því máli á dómþingi 13. mars sl. og á dómþingi 19. mars sl. voru málin sameinuð þ.a. krafa B á hendur A er rekin sem gagnsök í þessu máli.

Ágreiningur málsaðila í aðalsök varðar þriðja reikninginn, nr. 1130, en í gagnsök varðar ágreiningurinn annan reikninginn, nr. 1124. Því þykir rétt að gera grein fyrir málsástæðum og lagarökum í aðalsök annars vegar og gagnsök hins vegar.

Aðalsök

Málsástæður og lagarök aðalstefnanda í aðalsök

Aðalstefnandi vísar til þess að í dómkröfu sinni krefji hann aðalstefnda um greiðslu skuldar sem samsvari fjárhæð ógreidds reiknings nr. 1130. Dráttarvextir miðist við eindaga sem hafi verið á útgáfudegi reikningsins. Þar eð skuldin hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir sé nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Til stuðnings kröfu sinni vísar aðalstefnandi til meginreglu samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga, sbr. lög nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga og lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Málsástæður og lagarök aðalstefnda í aðalsök

Aðalstefndi reisir sýknukröfu sína á því að félagið hafi með því að greiða reikninga nr. 1106 og 1124 greitt fyrir allt það verk sem aðalstefnandi vann.

Aðalstefndi hafi aldrei samþykkt að greiða fyrir rúmmetra efnis 5.000 kr. með vsk. viðbættum heldur einungis 4.032 kr. sem verði 5.000 kr. þegar vsk. sé lagður á. Aðalstefndi mótmæli því að hafa nokkurn tíma samþykkt annað rúmmetraverð. Aðalstefndi hafnar því einnig að hafa nokkurn tíma samþykkt menn í tímavinnu sem og að leigja tæki og tól af aðalstefnanda. Um þessa þætti hafi aldrei verið rætt.

Aðalstefnandi hafi 12. apríl 2021 sent fyrsta reikninginn, nr. 1106, að fjárhæð 2.350.000 kr. fyrir 470 m³. Þá hafi hann ekki verið búinn að skipta út jarðvegi undir húsinu heldur hafði einungis grafið grunn fyrir húsið og kjallara og fyllt hluta af svæðinu. Hann hefði hins vegar verið búinn að gera gámastæðið tilbúið og hálflárað bílastæðið. Fyrirsvarsmaður stefnanda hafi sagt að meðtalið í reikningnum væru jarðvegs-skipti undir húsinu ásamt gámastæði. Þar eð það tvennt, þjappaður púði undir jarðhæð hússins, ca 240 m³, og gámastæði, 150–200 m³, hafi verið nærri 470 m³ sem var tilgreint á reikningi 1106 hafi aðalstefndi ákveðið að greiða þann reikning.

Aðalstefnandi hafi 1. júní 2021 gefið út reikning nr. 1124 að fjárhæð 1.199.700 kr. Hann hafi ekki verið sendur aðalstefnda í tölvupósti heldur hafi hann fengið heima-bankakröfu. Fyrirsvarsmaður aðalstefnda hafi spurt fyrirsvarsmann aðalstefnanda fyrir hvað krafan í heimabankanum væri og hafi hann sagt að reikningurinn væri fyrir rest-ina af verki hans sem hann væri að ljúka við. Þrátt fyrir ítrekanir hafi reikningurinn ekki borist fyrr en 20. júlí en þá hafi aðalstefnandi fyrir löngu verið farinn af verkinu.

Að sögn aðalstefnda bað aðalstefnandi um greiðslu þótt reikningurinn hefði ekki borist aðalstefnda og hafi hann talið að í lagi væri að greiða reikninginn því verkið hefði verið langt komið og hefði aðalstefndi því í góðri trú greitt heimabanka-kröfuna 11. júní án þess að hafa séð reikninginn. Hann hafi treyst því að aðalstefnandi myndi ekki svíkja umsamið rúmmetraverð því það hafi verið rétt á fyrsta reikn-ingnum.

Í ljós hafi hins vegar komið að aðalstefnandi hefði lagt vsk. ofan á 5.000 kr. og þá hafi rúmmetraverðið orðið 6.200 kr. með skattinum. Auk þess hafi vinnuskýrsla sem fylgdi reikningnum ekki samræmst þeirri vinnu sem stefnandi vann á þeim tíma sem hann krafðist greiðslu fyrir. Aðalstefnandi hefði ekki verið að skipta um jarðveg á gámasvæði því það hefði hann gert í upphafi verks og þegar krafist greiðslu fyrir með reikningi nr. 1106. Hluti af jarðvegsskiptunum hafi verið að jafna og þjappa jarðveg undir kjallara hússins. Það sé augljóst að ekki sé hægt að krefjast tvenns konar rúm-metraverðs fyrir jarðvegsskipti undir sama húsinu. Aðalstefndi líti svo á að hann hafi ekki samþykkt reikning nr. 1124 þótt krafan í heimabankanum hefði verið greidd.

Um leið og reikningurinn barst aðalstefnda hafi hann gert athugasemdir við reikninginn, oft verið í sambandi við aðalstefnanda, bæði með óteljandi símtölum en einnig tölvuskeytum 23. júlí, 13. ágúst, 2. og 3. september, en hafi aldrei fengið svar.

Aðalstefnandi hafi 6. júlí 2021 gefið út reikning nr. 1130 að fjárhæð 3.917.720 kr. Þrátt fyrir margítrekaðar óskir hafi sá reikningur ekki heldur borist aðalstefnda fyrr en 20. júlí sama ár. Í þeim reikningi hafi stefnandi krafist greiðslu fyrir jarðvegsskipti undir húsinu, að grafa fyrir rotþró og leggja lagnir að rotþró. Þessi verk hafi eins og önnur verið með umsamið fermetraverð 5.000 kr. og þá með vsk. inniföldum. Í reikningi nr. 1124 hafi áður verið krafist greiðslu fyrir að fylla sökkla sem og slétta og þjappa fyrir gámastæði en það verk hefði verið unnið í mars/apríl þegar stefnandi hóf verkið. Aðalstefndi hefði því löngu áður greitt fyrir þann verkhluta. Aðalstefnandi hefði þegar fengið greitt fyrir að slétta og þjappa undir gólfplötu enda væri það hluti af jarðvegsskiptum undir húsinu.

Aðalstefndi telji augljóst að aðalstefnandi sé að krefjast greiðslu fyrir sama verk oftár en einu sinni. Hann hafi sent reikning með því rúmmetraverði sem samið hafi verið um í upphafi, 5.000 kr., síðan reikning með nýju verði, þ.e. vsk. viðbættum sem geri 6.200 kr., og loks á reikningi nr. 1130 krefjist hann greiðslu fyrir notkun

tækja og tímavinnu starfsfólks vegna sömu verkefna. Tímagjald hafi aldrei verið rætt við aðalstefnda og hafi það komið honum mjög á óvart að fá þann reikning.

Aðalstefndi tekur fram að aðalstefnandi hafi boðist til að taka á móti steypubíl 21. júní því aðalstefndi hafi ekki haft tök á að vera á staðnum. Aðalstefndi hafi samþykkt boð aðalstefnanda en ekki hafi verið rætt um kostnað vegna þessa. Þetta hafi verið 5,5 m³ af steypu sem hafi tekið 20–30 mínútur að dæla í sökkulinn og ganga frá. Steypubíllinn hafi skráð 1 klst. fyrir verkið en aðalstefnandi hafi skrifað 12 klst. fyrir að taka á móti þessum bíl. Sanngjarnt verð væri innan við fjórar klst.

Aðalstefndi fellst á að óheppilegt hafi verið að lenda í klöpp þegar grafið hafi verið fyrir rotþró og hafi þurft að fleyga ca 10–30 cm dýpt í klöppina í hluta skurðarins. Aðalstefnandi hafi aldrei nefnt við aðalstefnda að þessi vinna yrði innheimt sem aukavinna fyrir utan það rúmmetraverð sem var samið um í upphafi. Auk þess tilgreini aðalstefnandi ekki á reikningi nr. 1130 hversu margar klst. hafi farið í að fleyga klöppina en það kynni að vera 200.000–300.000 kr. kostnaður. Fyrir það hafi stefndi í reynd verið búinn að greiða með þeirri inneign sem hann eigi vegna greiðslu reiknings nr. 1124.

Aðalstefndi mótmæli því að aðstæður á verkstað hafi verið erfiðari en á öðrum lóðum í sama sumarbústaðahverfi. Aðalstefnandi hafi kynnt sér aðstæður þar áður en hann tók verkið að sér. Hann sé vanur jarðvinnuverktaki og hafi vitað nákvæmlega hvaða verk hann var að taka að sér.

Það sé ekki vandasamt að reikna út hversu margir rúmmetrar fari í jarðvegsskipti undir 120 m² sumarhús, bílastæði, rotþró og gámastæði. Aðalstefnandi hafi sjálfur sagt að það kostaði ca 1.500.000 kr. að skipta um jarðveg undir húsinu og ganga frá honum og ca 1.500.000 kr. fyrir rotþró, gámastæði og bílastæði sé það allt fullfrágengið. Þegar stefnandi hætti verkinu hafi hann ekki verið búinn að ganga frá bílastæðinu. Á það hafi hann lagt 10–20 cm þykkt lag af óunnu grjóti.

Aðalstefndi ítrekar að hann hafi ætíð mótmælt reikningnum, reynt árangurslaust að fá svör frá aðalstefnanda sem og ná samkomulagi við hann.

Gagnsök

Málsástæður og lagarök gagnstefnanda í gagnsök

Gagnstefnandi vísar fyrst til þess að hann og gagnstefndi hafi gert samkomulag um jarðvinnu vegna byggingar áðurnefnds sumarhúss. Í verkinu sem gagnstefndi tók að sér hafi falist jarðvegsskipti, þar með talið púði undir hús, bílastæði, rotþró og stæði fyrir tvo gáma á nærliggjandi lóð að [...].

Samkvæmt þessu samkomulagi hafi gagnstefndi áskilið sér greiðslu sem nam 5.000 kr. með vsk., fyrir hvert unninn rúmmetra. Í þeirri fjárhæð hafi verið innifalið að

grafa, fylla, þjappa og slétta.

Gagnstefndi hafi gefið út þrjá reikninga fyrir verkið. Gagnstefnandi hafi mótmælt tveimur þeirra og krafist leiðréttingar og endurgreiðslu, þar eð reikningarnir séu í ósamræmi við raunverulega framkvæmd verksins.

Gagnstefndi hafi, 12. apríl 2021, þegar verkinu hafi aðeins verið lokið að hluta gefið út reikning nr. 1106. Þá hafi hann verið búinn að gera gámastæði á [...] og grafa holu fyrir húsið, auk þess sem hann hafi, þegar reikningurinn var gefinn út, verið búinn að setja lítilræði af grófu efni í holuna. Með reikningnum hafi gagnstefnandi ekki fengið nein fylgiskjöl. Þar eð krafist hafi verið greiðslu fyrir meira magn efnis en gagnstefndi hafi raunverulega flutt á svæðið á þeim tíma hafi gagnstefnandi, þegar hann greiddi reikninginn, greitt gagnstefnda fyrirfram fyrir hluta þeirra rúmmetra sem tilgreindir voru á reikningnum. Fyllingu hafi ekki verið lokið fyrir en 15. júní 2021 en reikningurinn hafi verið gefinn út í apríl og krafist hafi verið greiðslu fyrir 470 m³ sem gagnstefnandi hafi greitt að fullu.

Gagnstefndi hafi 1. júní 2021 gefið gagnstefnanda út annan reikning, nr. 1124. Hann hafi ekki vitað hvert efni reikningsins var áður en hann innti greiðslu af hendi en gjaldkeri gagnstefnanda hafi fyrir mistök greitt kröfuna í heimabankanum. Þegar reikningurinn sjálfur hafi borist gagnstefnanda hafi verið ljóst að með honum væri gagnstefndi að krefjast greiðslu fyrir það sem áður hafði verið greitt, því gagnstefnandi hafi með því að greiða fyrsta reikninginn, nr. 1106, greitt fyrir gámastæði. Hluti af vinnu við jarðvegsskipti sé að jafna og þjappa jarðveg undir kjallara og hafi það verk verið innifalið í umsömdu rúmmetraverði. Í reikningnum krefjist gagnstefndi aftur greiðslu fyrir verk sem hann hafi tilgreint á reikningi nr. 1106 og með mismunandi verði. Stefndi hafi ekki fyllt í sökkul undir kjallara heldur annað félag, C, sem gagnstefnandi hafi greitt beint. Að mati gagnstefnanda geti gagnstefndi ekki krafist greiðslu fyrir verk sem hann hafi ekki unnið. Á þessum reikningi séu fjárhæðir einnig rangar, því gagnstefndi miði við rangt rúmmetragejald. Þar að auki séu aukagjöld á reikningnum sem gagnstefnandi hafi aldrei samþykkt og kannist ekki við. Gagnstefnandi hafi gert athugasemdir og mótmælt þegar reikningurinn barst. Gagnstefnandi krefjist endurgreiðslu hluta þess fjár sem hann hafi greitt vegna þessa reiknings, þess hluta sem sé ekki í samræmi við samkomulag málsaðila.

Gagnstefndi hafi 6. júlí 2021 gefið gagnstefnanda út þriðja reikninginn og hafi höfðað mál til greiðslu hans sem fjallað sé um í aðalsök. Gagnstefnandi hafi mótmælt þessum reikningi og telji hann ekki eiga rétt á sér enda sé gagnstefndi enn á ný að krefjast greiðslu fyrir verk sem þegar hafi verið greidd.

Gagnstefnandi bendir á að áður en verkið hófst hafi hann beðið verkfræðing hússins um að útbúa áætlun um jarðvegsskipti. Í henni sé gert ráð fyrir jarðvegsskiptum undir húsinu og fyllingarefnum í kringum það eins og lýst er í málsatvikum.

Gagnstefnandi hafi einnig tvisvar látið mæla umfang jarðvegsskiptanna sem gagnstefndi hafi framkvæmt. Annars vegar hafi byggingarstjóri hússins mælt þau og hins vegar óháður byggingarverkfræðingur. Í meðfylgjandi töflu sé þetta þrennt borið saman; áætlun frá því í janúar 2021 og þessar tvær mælingar:

Samantæki á upphaflegri áætlun og mælingum byggingarstjóra og byggingarverkfræðings					
	Verkefni	Áætlun m ³	Mældir m ³ skv. minnisblaði byggingarstjóra	Mældir m ³ skv. byggingarverkfræðingi	Skýringar
1.	Jarðvegsskipti undir jarðhæð	213 m ³	213 m ³	237 m ³	A rukkaði 470 m ³ þegar var bara búið að grafa holu og fylla lítið með grófu efni. ATH. Ekki var hægt að gera púða undir húsið tilbúinn fyrir en kjallari var kominn upp.
2.	Áætluð fyllingar-efni í sökkla				
	(a). Í sökkul undir jarðhæð hússins	34 m ³	38,6 m ³	37 m ³	Ágreiningarlaust að verkinu sé lokið.
	(b). Í sökkul undir kjallara	17 m ³	15 m ³	17 m ³	Stefndi vann ekki þetta verk. C vann verkið, fékk greitt beint.
	(c). Meðfram kjallara	56 m ³	63 m ³	105 m ³	Stefndi vann hluta af þessu, um 60%.
3.	Fyllingarefni á gámostæði	98 m ³ (Beiðni um 10x14x0,7 m)	113–129 m ³	152–202 m ³	Stefndi telur vera 156 m ³ . Ekki ágreiningur um rúmmál, heldur tvírukkað, bæði í reikningi nr. 1106 og reikningi nr. 1124.
4.	Lagnaskurður, kringum rotþró og siturlagnir	25 m ³	25 m ³	25 m ³	Ekki ágreiningur um magn,
5.	Fyllingarefni í bílastæði [...]	75m ³ (10*15*0,5m)	15/30 m ³		Ágreiningslaust að fyrirtækið A vann ekki þetta verk.
	Samtals rúmmetrar	518 m ³	483/514 m ³	573/623 m ³	Má miða við 600 m ³ .
	Þar af hafa A unnið		446 m ³	518 m ³	Má miða við 500 m ³ .

Gagnstefnandi telji að þrátt fyrir mun milli mælinga á efni í verkinu megi ráða að niðurstöður mælinganna í heild séu áþekkar. Heildarmagn sé nálægt 500 m³ í mælingum bæði byggingarstjóra og byggingarverkfræðingsins, og miðað sé við 500 m³ í fjárkröfu gagnstefnanda.

Á grundvelli þessara mælinga hafi efnið sem gagnstefndi hafi ýmist skipt um í lóðinni eða komið með sem fyllingarefni numið frá 446–518 m³ í heild. Gagnstefnandi miði við 500 m³ og margfaldi það magn með umsömdu rúmmetraverði, 5.000 kr. Það verk sem gagnstefndi hafi unnið fyrir gagnstefnanda megi því verðleggja á samtals

2.500.000 kr. Gagnstefnandi hafi hins vegar þegar greitt gagnstefnda samtals 3.549.700 kr. Gagnstefnandi krefjist því endurgreiðslu mismunarins enda hafi hann nú þegar ofgreitt gagnstefnda miðað við þann samning sem málsaðilar gerðu í upphafi. Gagnstefnandi krefjist einnig vaxta og dráttarvaxta frá 11. júní 2021 en upphafsdagur dráttarvaxtakröfunnar miðist við þann dag er reikningur nr. 1124 var greiddur og ofgreiðsla fór fram að mati gagnstefnanda.

Gagnstefnandi byggir kröfur sínar á reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga auk laga nr. 42/2000. Til stuðnings kröfu um endurgreiðslu og leiðréttingu á reikningunum vísar stefnandi til 30. og 31. gr. samningalaga nr. 7/1936 (ógilding samninga) og til 2. gr. laga um þjónustukaup nr. 42/2000.

Málsástæður og lagarök gagnstefnda

Gagnstefndi kveðst byggja kröfu sína um vísun gagnsakar frá dómi á því að gagnstefnandi höfði í janúar 2025 gagnsök í máli sem þingfest var í mars 2022. Gagnstefnandi hafi því haft tæp þrjú ár til að höfða mál til gagnsakar. Það hafi hann ekki gert. Í aðalsök hafi hann lagt fram greinargerð og ótal fylgiskjöl og komið þar að öllum sínum vörnum.

Kröfu sína um vísun kröfu gagnstefnanda frá dómi byggir gagnstefndi á 3. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991. Þar segi að gagnkröfu megi hafa uppi eftir þingfestingu en fyrir aðalmeðferð máls sé það eftir þann tíma sem getur um í 1. og 2. mgr. ákvæðisins og það verði ekki metið stefnanda til vanrækslu að hafa ekki gert stefnukröfu sína í tæka tíð, þ.e. innan fjögurra vikna frestsins.

Gagnstefndi vísar einnig til 4. mgr. 94. gr. laga nr. 91/1991 þar sem segi að þegar mál hafi verið þingfest verði dóms ekki krafist um þær kröfur sem eru gerðar í því í öðru máli. Sé dóms krafist um kröfu í öðru máli skuli vísa henni frá dómi.

Í þriðja lagi hafi gagnstefnandi ekki útskýrt á hvaða málsástæðum hann byggir dómkröfur sínar, hvort krafist sé skaðabóta eða endurgreiðslu ofgreidds fjár. Slíkum röksemdum verði ekki komið að undir rekstri málsins þar eð málsgrundvöllur þurfi að vera skýr og ótvíræður og því skuli án alls vafa vísa gagnkröfunni frá dómi.

Gagnstefndi krefst til vara sýknu og vísar til sömu atvika, röksemda, málsástæðna og lagaraka og fram koma í aðalsök. Í henni krefjist gagnstefndi greiðslu vinnulauna fyrir verktakastarf vegna jarðvinnu að [...] í [...].

Eins og fram komi í aðalsök hafi gagnstefndi verið fenginn til að vinna fyrir gagnstefnanda við jarðvegsframkvæmdir vegna smíði sumarhúss. Af því tilefni hafi hann gefið gagnstefnanda út þrjá reikninga. Tvo þeirra hafi gagnstefnandi greitt en hafi mótmælt þriðja reikningnum, nr. 1130, og vilji ekki kannast við þá vinnu sem

gagnstefndi innti af hendi við erfiðar aðstæður. Rétt sé að samið hafi verið um verð á efni til fyllingar og hafi gagnstefndi gert gagnstefnanda grein fyrir því að verð á efni hefði hækkað á milli reiknings nr. 1106 og reiknings nr. 1124 og hafi gagnstefnandi ekki mótmælt því. Þá hafi verið ljóst að aðstæður á verkstað kölluðu á frekari tæki, svo sem gröfu með fleyg til að ná að koma rotþró og tengingum fyrir, og hafi sú vinna verið unnin í fullu samráði við gagnstefnanda sem hafi að einhverju leyti verið á staðnum þegar viðkomandi verk var unnið.

Gagnstefndi hafi unnið við fjölmargar lóðir í viðkomandi sveitarfélagi án nokkurrar aðfinnslu verkkaupa og hafi hann útskýrt framvindu verksins jafnóðum fyrir verkkaupa. Ljóst sé að gagnstefnandi telji verkið dýrara en hann hafði ímyndað sér en á því geti gagnstefndi ekki borið ábyrgð þar eð hann hafi ekki unnið verkið samkvæmt tilboði nema að því leyti að flytja að efni í jarðvegsskiptin og þá hafi rúmmetragjald verið aðilum ljóst. Önnur verk séu unnin á tímagjaldi og fylgi með dagskýrslur því til stuðnings.

Gagnstefndi byggir á því að hann hafi árangurslaust reynt að fá þriðja reikninginn greiddan en ekki haft árangur sem erfiði hingað til. Kröfu um frávísun styðji hann við 28. og 94. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 en vegna kröfu um sýknu vísi hann til reglna um sönnun og sönnunarbyrði kröfuhafa. Hann styður kröfu sína við meginreglur samningaréttar um skuldbindingargildi samninga, réttarreglur um loforð og að samninga skuli efna. Einnig er vísað í 45. gr. laga um lausafjárkaup nr. 50/2000, auk meginreglna sömu laga og laga um þjónustukaup nr. 42/2000.

Niðurstaða

Aðalsök

Aðalstefnandi höfðar þetta mál til þess að fá greiddan reikning sem hann gaf aðalstefnda út 6. júlí 2021 og aðalstefnandi segir vera fyrir margvíslega jarðvegsvinnu sína í tengslum við framkvæmdir á sumarhúsalóð aðalstefnda. Aðalstefnandi hafði áður sent aðalstefnda tvo reikninga vegna sama verks sem aðalstefndi hafði greitt.

Samkvæmt dagskýrslum aðalstefnanda, sem fylgdu reikningunum, sundurliðast efni, vinna og vélar sem hann nýtti í vinnu sinni fyrir aðalstefnda sem hér segir:

Dags. vinnu	Reikn.	Menn tímar	Scania tímar	Bobcat tímar	JCB-grafa tímar	Böggla-berg m ³	Verð án vsk.
	1106					470	x 4.032
	1124						
12.4.21						144	x 5.000
13.4.21						12	x 5.000
		2 m x 3 t					6 x 6.500

				3			3 x 14.500
12.5.21		3 m x 5 t					15 x 7.000
	1130						
						270	x 2.339
Vantar dags		x 9 t					9 x 6.500
			5				
				4			
					7,5		
2.6.21					5		
7.6.21					4		
8.6.21		x 10 t					
			8				
				8			
					8		
9.6.21			5				
				8			
					6		
10.6.21		x 9 t					
				9			
					5		
11.6.21		x 6 t					
				6			
					6		
14.6.21		x 8 t					
			5				
				5			
					9		
15.6.21		x 8 t					
21.6.21		3 m x 4 t					
Samtals		83 t	23	43	50,5	896	

Samkvæmt þessu fóru 83 manntímar í verkið, 116,5 vélatímar og 896 m³ af bögglabergi. Þar af var lítilræði af svokölluðu toppefni. Verð fyrir efni án vsk. er ýmist 4.032 kr., 5.000 kr. eða 2.339 kr. Tímagjald fyrir mann er 6.500 kr. nema 12. maí þegar það er 7.000 kr. Tímagjald fyrir vél virðist ráðast af stærð hennar og eru teknar 15.000 kr. fyrir Bobcat-gröfu, nema 13. apríl þegar það er 14.500 kr. Tímagjald fyrir Scania BOG59 er 18.000 kr. og 22.000 kr. fyrir JCB-gröfu. Fyrirsvarsmaður aðalstefn-

anda bar við aðalmeðferð að verð fyrir vél væri án manns svo og að ekki væri tekið gjald fyrir vél nema hún væri í notkun.

Í lýsingu málavaxta í stefnu í aðalsök og greinargerð í gagnsök er ítarlega tilgreint fyrir hvaða verkefni endurgjalds er krafist í hverjum hinna þriggja reikninga. Þessi lýsing kemur þó hvorki fram á fyrsta reikningnum né dagskýrslu með honum þar sem eingöngu er tilgreindur fjöldi rúmmetra efnis. Samkvæmt dagskýrslu með öðrum reikningnum eru tveir menn að jafna og þjappa í kjallara með Bobcat-gröfu 13. apríl og þrír menn að fylla í sökkul 12. maí. Þessi nákvæma lýsing aðalstefnanda á verki sínu endurspeglar ekki heldur í dagskýrslum með þriðja reikningnum.

Málsaðilar gerðu ekki með sér skriflegan samning. Þau eru þó sammála um að með þeim hafi tekist munnlegur samningur um jarðvegsskipti á lóð aðalstefnda og hafi rúmmetraverð „upp og niður“ ásamt vsk. numið 5.000 kr., þ.e. vinna, efni og tæki. Þetta rúmmetraverð notar aðalstefnandi á fyrsta reikningi sínum, nr. 1106, en þar er hvorki krafist gjalds fyrir menn né vélar.

Ágreiningur er með málsaðilum um það hversu umfangsmikil jarðvegsskipti þeim samdist um á þessu verði. Aðalstefndi byggir á að í munnlegu samkomulagi þeirra hafi falist allir þeir liðir sem eru tilgreindir í áætlun byggingarverkfræðings frá janúar 2021 um jarðvegsskipti, þar á meðal púði undir húsið, fylling í sökkul kjallara, fylling að kjallaraveggjum, fylling í lagnaskurð og efni á bíla- og gámastæði. Fyrirsvarsmaður aðalstefnanda byggir á því að 5.000 kr. „upp-og-niður“-verð með vsk. hafi eingöngu gilt fyrir undirstöður undir sumarbústað. Hann byggir á því að þegar hann hafi lokið einu verkefni hafi hann verið beðinn um að sinna því næsta. Hann hafi því ekki haft neina heildarmynd af því verki sem aðalstefndi vildi fá unnið og því hafi ekki verið mögulegt að gefa neitt heildarverð í verkið.

Aðalstefndi telur sig hafa að fullu greitt fyrir það verk sem stefnandi tók að sér með því að greiða fyrstu tvo reikningana. Eins og áður greinir segist aðalstefnandi í upphafi einungis hafa verið beðinn um púða undir húsið. Þó varð ekki annað ráðið af frásögn fyrirsvarsmanns aðalstefnanda við aðalmeðferð en að kjallari og gámastæði hafi að hans mati verið hluti af upphaflegu samkomulagi. Auk þess sýna myndir að áður en aðalstefnandi fór að flytja að efni í púða undir gólfplötu hússins var hann búinn að grafa fyrir kjallaranum.

Einnig liggur fyrir að allar teikningar að húsinu, þar með talið teikningar að kjallara, voru til reiðu í júní 2020 og gögn um jarðvegsskipti á allri lóðinni tilbúin 17. janúar 2021, einnig magn í sökkli kjallara og meðfram kjallara. Samkvæmt tölvupósti sendi byggingarverkfræðingurinn fyrirsvarsmanni aðalstefnanda í það minnsta hluta þessara gagna 19. mars 2021.

Orð stendur því gegn orði um það hvort fyrirsvarsmaður aðalstefnanda hafi

rætt það við fyrirvarsmann aðalstefnda að öll verk umfram þúða undir húsið yrðu unnin í tímavinnu og að tekið yrði gjald fyrir notkun véla. Með málsaðilum er einnig ágreiningur um það hvaða verk falli undir þriðja reikninginn og fyrir hver þeirra hafi verið greitt með fyrri reikningunum tveimur. Að mati dómsins kom ekkert fram í vitnaleiðslum við aðalmeðferð sem nýtist til að leiða þann ágreining til lykta né þann ágreining hversu umfangsmikið verk aðalstefnandi tók að sér á upphaflegu verði.

Dómurinn telur því að leggja verði til grundvallar að ekki hafi verið gerður neinn samningur um þau verk sem aðalstefnandi krefst greiðslu fyrir í þriðja reikningnum en í aðalsök er, eins og áður segir, eingöngu ágreiningur um réttmæti hans.

Samkvæmt þeim reikningi, nr. 1130, krefst aðalstefnandi greiðslu fyrir 62 manntíma. Þar af bókar hann 12 klst. í að taka á móti steypu fyrir aðalstefnda 21. júní 2021 en ekki verður séð að nota hafi þurft vél við það enda er engin vél skráð á verkið eftir 14. júní. Eftir standa 50 manntímar. Skráðir eru átta manntímar 15. júní en engir vélátímar. Vélátímar skv. reikningi nr. 1130 eru 113,5 en eins og yfirlitið sýnir eru skráðir vélátímar á daga þar sem ekki er skráður maður að störfum, svo sem 2., 7. og 9. júní, en alla hina dagana eru skráðir fleiri vélátímar en manntímar.

Fyrirvarsmaður aðalstefnda hefur frá 23. júlí 2021, þegar henni hafði borist reikningur nr. 1130, mótmælt réttmæti hans. Hún hefur haldið því fram að fyrirvarsmaður aðalstefnanda hafi aldrei rætt við hana um að aðalstefnda bæri að greiða sérstaklega fyrir vinnu starfsmanna til viðbótar við umsamið rúmmetraverð efnis, hvað þá fyrir notkun véla. Hún hefur einnig bent á ósamræmi milli fjölda þeirra manntíma sem er skráður á verkið á reikningi nr. 1130 og fjölda vélátíma. Hún hefur enn fremur mótmælt því magni efnis sem aðalstefnandi telur að hafi farið í verkið.

Það mun óumdeilt að fyrirvarsmaður aðalstefnda var á lóðinni frá því snemma morguns og fram á kvöld sérhvern dag sem fyrirvarsmaður aðalstefnanda var þar að störfum í jarðvegsvinnu. Fyrirvarsmaður aðalstefnanda fullyrti við aðalmeðferð að hann hefði verið með tvo menn með sér í vinnu. Af þeim þremur hefði einn verið að keyra flutningabíl, einn að jafna og einn að grafa. Fyrirvarsmaður aðalstefnda fullyrðir hins vegar að fyrirvarsmaður aðalstefnanda hafi ætíð verið einn að störfum nema tiltekna daga þegar tveir erlendir verkamenn hafi komið á svæðið. Annar þeirra mun hafa verið pípulagningamaður sem fyrirvarsmaður aðalstefnanda kvaðst hafa kallað til þegar komið var að því að leggja rör frá húsinu að rotþró. Samkvæmt dagskýrslum eru einungis skráðir þrír menn 21. júní 2021 en aðra daga virðist eingöngu einn maður vera að störfum.

Til stuðnings því að aðalstefnda beri að greiða þennan þriðja reikning vísar aðalstefnandi til 45. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Samkvæmt því ákvæði beri, þegar ekki hafi verið samið um verð fyrir vinnu, að greiða það verð sem krafist sé nema telja megja það ósanngjarnt. Aðalstefndi hafi ekki með sönnunargögnum sem

hann megi koma að, svo sem með matsgerð dómkvaddis matsmanns, sýnt fram á að reikningur aðalstefnanda sé ósanngjarn miðað við vinnuframlag, gæði verks, efniskaup og annað sem hafi þýðingu. Því beri aðalstefnda að greiða reikninginn. Þetta sé staðfest með fjölda fordæma Hæstaréttar.

Í stefnu lýsti aðalstefnandi þeim verkum sem hann hefði unnið fyrir aðalstefnda og vísaði almennt til skuldbindingargildis samninga. Með stefnu fylgdu reikningarnir en hvorki dagskýrslur né önnur gögn sem gætu varpað ljósi á það verk sem aðalstefnandi vildi fá greitt fyrir. Nánast öll gögn í málinu sem er ætlað að varpa ljósi á það verk sem var unnið hefur aðalstefndi lagt fram, þar á meðal dagskýrslurnar sem reikningar aðalstefnanda byggjast á. Aðalstefnandi hefur einungis lagt fram ljósmyndir með skýringum sem aðalstefndi hefur hafnað og gefið aðrar skýringar á.

Með fyrstu tveimur reikningunum fylgdi ein dagskýrsla hvorum þar sem tilgreint var efni og véla- og manntímar. Með þriðja reikningnum fylgdu fimm dagskýrslur, ein fyrir fjölda manntíma, ein fyrir notkun Scania BOG59, ein fyrir Bobcat-gröfu E35, ein fyrir JCB-gröfu og loks ein fyrir efni sem er ýmist bögglaberg eða toppefni. Sú síðastnefnda virðist sýna að innheimt sé fyrir 20 bílfarma með 12 m³ af bögglabergi og 2,5 bílfarma með samanlagt 30 m³ af toppefni.

Í þessum dagskýrslum kemur ekki fram hvaða menn unnu að verkinu eða hvaða verk þeir unnu hvern dag. Ekki kemur heldur fram í hvaða verk hver vél var notuð, t.d. hvort tiltekinn dag hafi verið fleyguð klöpp í skurði að rotþró. Hver dagskýrsla hefur hins vegar almenna fyrisögn, svo sem dagskýrsla um manntíma: *Vinna við grunn og lagnir*, dagskýrsla um Scania BOG59: *Fylla í grunn, rotþró og lagnir*, dagskýrsla um Bobcat E35: *Fylla í grunn, rotþró og lagnir*, dagskýrsla um JCB-gröfu: *Fylla í grunn og vinna við skólp og aðrar lagnir og setja niður rotþró og loks dagskýrsla um efnisnotkun: Brotið efni, fylla að grunni og taka rétt undir steypu*.

Við aðalmeðferð málsins lýsti fyrirvarsmaður aðalstefnanda verkinu frá sínum sjónarhóli. Við þá yfirferð var ljósi ekki varpað á það hvers vegna þurfti að nota svona margar vélar í svona margar klst., þegar manntímar voru meira en helmingi færri en vélátímar (50/116,5). Í reikningi nr. 1130 er ætíð einn maður skráður að störfum, nema 21. júní þegar þeir eiga að hafa verið þrír.

Í frásögn fyrirvarsmanns aðalstefnanda við aðalmeðferð og vitna sem hann leiddi kom mikið við sögu plastuppistaða að kjallaravegg sem hefði brotnað eftir að fyrirvarsmaður aðalstefnda hefði krafist þess að fyllt yrði upp að þeirri uppistöðu áður en steypa hefði verið komin í. Í tengslum við þetta greindu fyrirvarsmaður aðalstefnanda og vitni sem hann leiddi einnig frá því að nauðsynlegt hefði verið að brjóta á staðnum efni niður í 0–60 mm grófleika því að nota hefði þurft þann grófleika efnis að veggjum kjallarans. Hvorugt þessara atriða er nefnt í stefnu í aðalsök né greinargerð í gagnsök. Þeirra er ekki heldur getið á reikningum eða dagskýrslum með þeim.

Því er erfitt að ráða hversu mikil vinna fólst í hvoru um sig og að hvaða marki hún fellur undir hvern af þessum þremur reikningum. Samkvæmt samantekt úr gæðakerfi byggingarstjóra var verkþátturinn *Uppsláttur og bending undirstöðuveggja* tekinn út 9. maí 2021 og verður að ætla að þessi veggur hafi þá verið í lagi.

Hvorki verður af reikningi nr. 1130 né dagskýrslum með honum ráðið hvaða verk hver vann, hvenær né til hvaða verka hver vél var notuð hvaða dag né heldur hvar 270 m³ af efni voru settir. Þrátt fyrir almenna lýsingu á verkefninu í fyrirsögnum dagskýrslunna telur dómurinn að verulega skorti á að aðalstefnandi hafi gert nægjanlega grein fyrir þeim atvikum sem kröfur hans samkvæmt þessum reikningi eru byggðar á, sbr. t.d. úrskurð Landsréttar, dags. 12. apríl 2019, í máli nr. 807/2018.

Hæstiréttur hefur viðurkennt í dómi, dags. 13. mars 2014, í máli nr. 157/2014 að reikningur sem sá, sem vann verk, gefur út geti ekki einn út af fyrir sig varpað á gagnaðilann sönnunarbyrði fyrir réttmæti þess verðs sem verktakinn krefst fyrir þjónustu sína. Slíkur reikningur getur ekki heldur varpað á gagnaðilann sönnunarbyrðinni fyrir réttmæti þess fjölda vinnustunda sem verktakinn vill fá greiddar né heldur því hvers vegna tiltekinn fjöldi klst. var skráður á tiltekna vél sem verktakinn kveðst hafa notað, hvað þá því hvers vegna efnisnotkun hans fer langt yfir áætlun.

Til þess er að líta að með fyrstu tveimur reikningunum fékk aðalstefnandi greitt fyrir 626 m³ efnis og með því sem C fyllti í grunn kjallarans (22 m³) hafði aðalstefndi greitt fyrir 648 m³ efnis en samkvæmt áætlun byggingarverkfræðingsins frá janúar 2021 áttu 562 m³ að fara í jarðvegsskipti (213 m³) og fyllingarefni (349 m³). Þótt jarðvegsvinna sé ekki nákvæmnisverk og við hana kunni að vera rúm skekkjumörk mátti aðalstefnandi, þegar hann var kominn 15% yfir áætlun, gera sér grein fyrir að hann þyrfti að fara að útskýra hvers vegna hann þyrfti að fara 63% yfir áætlunina. Þegar aðalstefnandi fór frá verkinu hafði hann samkvæmt dagskýrslum og reikningum sett í lóðina 896 m³ af efni og C 22 m³ en engu að síður var jarðvinnunni, sem byggingarverkfræðingur hafði afmarkað í janúar 2021, ekki lokið því eins og áður segir greiddi aðalstefndi D fyrir að ljúka við að fylla meðfram veggjum og setja efni í bílastæði.

Dómurinn telur vel kunna að vera að aðalstefnandi hafi þurft að nota gröfu með öflugum fleyg til þess að brjóta klöpp sem myndir sýna að var í hluta lagna-skurðar og því sé eðlilegt að það verk komi til viðbótar þeim jarðvegsskiptum sem málsaðilar sömdu upphaflega um og fyrir það sé greitt sérstaklega. Ekkert liggur þó fyrir um það hversu margar stundir það verk tók.

Fyrir liggur einnig að aðalstefnandi tók á móti steypu fyrir aðalstefnda. Ekki liggur þó fyrir hvers vegna þurfti þrjá menn til að taka á móti henni né heldur hvort

rétt sé að það hafi tekið þrjá menn 4 klst. en aðalstefndi fullyrðir að steypubíllinn hafi tekið 1 klst. fyrir verkið.

Dómurinn telur því vel mögulegt að aðalstefnandi eigi að fá greidd einhver verk sem falla undir reikning nr. 1130. Eins og málið hefur verið lagt fyrir dóminn eru fjárkrafa hans og málsástæður fyrir henni svo vanreifaðar og þau gögn sem hann hefur lagt fram þeim til stuðnings svo ófullkomin að ekki er unnt að taka kröfu hans til greina, hvorki í heild né að hluta. Honum var fært að fá dómkvaddan matsmann til þess að meta umfang þeirra verka sem hann kveðst hafa unnið fyrir aðalstefnda. Það gerði hann ekki og því verður vegna þessarar vanreifunar ekki hjá því komist að vísa fjárkröfu aðalstefnanda frá dómi, án kröfu, þar eð hvorki eru uppfyllt skilyrði d-, e- né g-liðar 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Áréttu má að á dómþingi 13. janúar sl. beindi dómari því til málsaðila að málið yrði við aðalmeðferð einnig flutt um mögulega frávísun þess frá dómi án kröfu vegna vanreifunar stefnanda á dómkröfum sínum.

Gagnsök

Gagnstefnandi krefst í gagnsök endurgreiðslu fjár sem hún telur sig hafa ofgreitt gagnstefnda. Fyrirsvarsmaður gagnstefnanda vísar til þess að það hefði fyrst verið þegar gagnstefndi fór að krefjast frekari gagna í lok árs 2024 sem hún hefði áttað sig á því hversu mikill munur væri á því magni fyllingarefnis sem hún hefði greitt gagnstefnda fyrir með því að greiða reikninga nr. 1106 og nr. 1124 og því efnismagni sem hann hefði raunverulega afhent. Vegna kröfu gagnstefnda um framlagningu frekari gagna hafi hún lagt fram minnisblað byggingarstjóra frá 15. ágúst 2022 um rúmmál þess efnis sem gagnstefndi hefði flutt inn á lóðina.

Gagnstefnandi hafi greitt fyrir 626 m³ og af því magni hafi hann greitt of hátt rúmmetraverð fyrir 156 m³. Þegar tekið sé það magn efnis sem ætla megi að gagnstefndi hafi flutt inn á svæðið og það margfaldað með réttu rúmmetraverði sjáist að gagnstefnandi hafi greitt gagnstefnda 1.049.700 kr. of mikið. Þessa fjárhæð telji gagnstefnandi sig eiga að fá endurgreidda með vöxtum frá greiðsludegi á grundvelli reglna um endurgreiðslu ofgreidds fjár.

Gagnstefndi krefst þess, með vísan til 28. gr. laga nr. 91/1991 að kröfu gagnstefnanda verði vísað frá dómi.

Eins og áður segir mótmælti fyrirsvarsmaður gagnstefnanda skriflega reikningum nr. 1124 og 1130 þegar 23. júlí 2021. Ekki liggur annað fyrir en að þeir hafi báðir borist henni 20. júlí 2021 en gagnstefnandi hafði 11. júní greitt kröfu skv. reikningi nr. 1124.

Í mótmælum fyrirvarsmannsins kemur fram að hún telji gagnstefnda hafa innheimt of háa fjárhæð með reikningi nr. 1124 og gagnstefnandi eigi því inneign hjá gagnstefnda sem nemi 515.916 kr.

Eins og fram er komið höfðaði gagnstefndi mál á hendur gagnstefnanda með stefnu birtri 16. febrúar 2022 og var málið þingfest 1. mars. Gagnstefnandi lagði fram greinargerð í aðalsök á dómþingi 28. apríl en lagði þá ekki fram gagnstefnu.

Á dómþingi 26. september 2022 lagði gagnstefnandi fram nýtt minnisblað um mælingar byggingarverkfræðings á því magni efnis sem gagnstefndi hefði flutt inn á lóðina. Í því minnisblaði var það niðurstaðan að gagnstefndi hefði afhent talsvert minna magn efnis en það magn sem gagnstefnandi hafði greitt honum fyrir.

Á sama tíma átti gagnstefnandi einnig í fórum sínum minnisblað byggingarstjóra sumarhússins dags. í ágúst 2022 þar sem farið var yfir sömu þætti. Niðurstaða þess var einnig sú að gagnstefndi hefði flutt talsvert minna magn efnis inn á lóðina en gagnstefnandi hafði greitt honum fyrir.

Þau gögn sem gagnstefnandi byggir gagnkröfu sína á voru því í fórum fyrirvarsmannsins í ágúst og september 2022. Þegar litið er til þess, svo og þess að gagnstefnandi taldi sig þegar í júlí 2021 eiga inneign hjá gagnstefnanda verður að meta það honum til vanrækslu að hafa ekki gert kröfu sína fyrr. Þar eð skilyrði 3. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991 eru ekki uppfyllt verður að vísa gagnkröfu frá dómi.

Kröfum beggja málsaðila hefur því verið vísað frá dómi. Af þeim sökum og með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt að hvor málsaðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari kveður upp þennan úrskurð.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð

Vísað er frá dómi, án kröfu, kröfu aðalstefnanda, A, á hendur gagnstefnanda, B.

Vísað er frá dómi kröfu gagnstefnanda á hendur aðalstefnanda.

Hvor málsaðili um sig ber sinn kostnað af málinu.

Ingiríður Lúðvíksdóttir

Rétt endurrit staðfestir
Héraðsdómi Reykjavíkur 28. apríl 2025